| **Kennari** | Marína Sigurgeirsdóttir | **Sk.st.** | MAR |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur matseðlagerð og tengja þá sígildum frönskum réttarheitum. Nemendur vinna með réttaflokka og röð þeirra í stórum matseðlum og fræðast um staðbundið og árstíðabundið hráefni í matseðlagerð. Í seinni hluta áfangans er unnið með mismunandi tegundir matseðla, svo sem morgunverðarseðla, hádegisverðarseðla og matseðla með áherslu á árstíðarbundna viðburði eins og jól, þorra og fleira. Einnig er unnið með matseðla fyrir íþróttahópa, þemamatseðla og undirstöðuþætti í gerð sérréttarmatseðils.

## Markmið:

Nemandi:

• hafi haldgóða þekkingu á réttarheitum og geti búið til lýsandi matseðlatexta

• geti sett saman ýmsar tegundir matseðla, svo sem morgunverðarmatseðla, hádegisverðarmatseðla, matseðla fyrir íþróttarhópa, þemamatseðla og matseðla fyrir sérstök tækifæri (galamatseðla)

• geti parað hefðbundna réttarflokka og réttarheiti

• geri sér grein fyrir að matseðill er sölutæki

## Námsgögn:

Efni sett á kennsluvefinn Moodle

## Áætlun um yfirferð:

| dagsetning | |
|---|---|
| 12. sept.<br>16.05.-19.00 | Matseðlafræði grunnur. Hvað er matseðill og hvert er gildi hans.<br>Vinna við matseðlagerð |
| 3. okt.<br>16.05-19.00 | Mismunandi matseðlar<br>Hefðbundnir réttarflokkar og réttarheiti, matseðill sem sölutæki.<br>Sérréttar matseðill, matseðill fyrir leikskóla, grunnskóla framhaldsskóla o.sv.fr. Hópverkefni við matseðla, |
| 31. okt. 16.05-19.00 | Kynning á matseðlaverkefni. Nemandi útbýr tvo matseðla:<br>1. Kvöldverðarseðill fyrir tiltekið verkefni sem er veisla, 3ja rétta.<br>2. Mötuneytismatseðill fyrir hádegisverð í 7 daga. |
| 21. nóv.<br>16.05-19.00 | Kynning á matseðlum og skil. Nemendur skila sínum matseðlum útprentuðum, vel upp settum og snyrtilegum. |

## Verkefni:

Nemandi útbýr tvo matseðla:

1. Kvöldverðarseðill fyrir tiltekið verkefni sem er veisla, 3ja rétta, samsettur miðað við reglur um samsetningu matseðils.
2. Mötuneytismatseðill fyrir hádegisverð í 7 daga.  Samsetning miðuð við ráðleggingar

landlæknisi um hollt fæðuval.

## Námsmat og vægi námsþátta:

| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Veislumatseðill | Kvöldverðarseðill fyrir tiltekið verkefni sem er veisla, 3ja rétta. | 25% |
| Mötuneytis-matseðill | Mötuneytismatseðill fyrir hádegisverð í 7 daga. | 50 % |
| Kynning | Kynning á matseðlum | 15% |
| Frágangur | Uppsetning frágangur og skil á verkefnum | 10% |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**